

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af viðtækri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem nefnd skipuð af ráðherra skv. kröfum aðila í sjávarútvegi hefur annast. Frumvarpið er byggt á tillögum þessarar nefndar og er tvímælalaust spor í rétta átt. Alþýðuflokkurinn er eðlilega fylgjandi afnámi hins rangláta millifærslukerfis, en hefði kosið að ganga nokkru lengra í vissum atriðum en ráð er fyrir gert í frv. Hins vegar ber á það að líta, að frv. byggist á samkomulagi hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sjómanna og útvegsmanna, og er þáttur í lausn kjaramála- og fiskverðsákvörðunar. Lögð hefur verið á það mikil áhersla af þessum aðilum, að frv. fengi skjóta afgreiðslu Alþingis efnislega óbreytt og því mun ég greiða atkvæði með frv.

Alþingi, 12. febr. 1976.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed.

325. Nefndarálit

[148. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um breytingu á gjaldi, sem tekið skal við útflutning á sjávarafurðum. Um langan aldur hefur slík gjaldtaka átt sér stað og verið ráðstafað með lögum frá Alþingi eftir óskum útgerðaraðila. Í langan tíma var þetta gjald fyrst og fremst notað til að mynda tekjur fyrir Aflatryggingasjóð, var fremur lítil upphæð og kallaði ekki fram neinar deilur að ráði um það. Það, sem inn kom, fór aftur til þess að gera upp launahluti áhafna þegar afli brást.